



Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Sendandi: Skrifstofustjóri íþróttaborgar

Reykjavík, 8. janúar 2025

MIR24090006

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Vinstri grænna um þáttökuhlutfall fatlaðra barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 13. september 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn Vinstri grænna:

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svo svohljóðandi fyrirspurn: Fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs óskar eftir því að fá samantekt frá Menningar- og íþróttasviði um þáttökuhlutfall fatlaðra barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi í Reykjavík. Hvaða gögn eru fyrirliggjandi um þessa þáttöku, er unnt að bera hana saman við það sem gerist í öðrum sveitarfélögum eða nágrannalöndum og hvaða leiða hefur verið leitað af hálfu borgarinnar til að auka hana?

Svar við fyrirspurn:

Ekki reyndist unnt að finna tölfræðigögn um þáttöku fatlaðra barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi í Reykjavík. Einu gögnin sem eru fyrirliggjandi fengust frá verkefnastjóra „ALLIR MEÐ“, en það er samstarfsverkefni ÍSÍ,UMFÍ og ÍF. Þau gögn sýna fjölda barna á landsvísu í skipulögðu íþróttastarfi:

Félag	17 ára og yngri	18 ára og eldri	Grand Total
Íþróttafélagið Ösp	113	178	291
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík	18	143	161
Íþróttafélagið Nes	26	38	64
Dansfélagið Hvönn	6	48	54
Íþróttafélagið Suðri	16	30	46
Íþróttafélagið Eik		30	30
Íþróttafélagið Gerpla	18	11	29
Íþróttafélagið Völsungur	1	19	20
Íþróttafélagið Gnýr		18	18
Íþróttafélagið Þjótur	1	17	18
Íþróttafélagið Akur		16	16
Sundfélagið Óðinn	11	5	16



Reykjavík



Íþróttafélagið Ívar	3	12	15
Íþróttafélagið Ægir	2	10	12
Íþróttafélagið Snerpa		10	10
Umf. Víkingur		3	3
Umf. Hvöt Blönduósi	2		2
Knattspyrnufélag Reykjavíkur	1		1
Skotfélagið Markviss		1	1
Grand Total	218	589	807

Skv. verkefnastjóranum eru 218 börn og unglingar (< 18 ára) af 3000 í skipulögðu íþróttastarfi á landsvísu, sem gerir um 7,3 %þátttöku.

Undirrituð setti sig einnig í samband við Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík en þar er ekki til gögn um þátttökuhlutfall barna.

Þar sem gögn um þátttöku barna í Reykjavík eru ekki fyrirliggjandi er ekki unnt að bera saman þátttöku reykvískra barna við önnur sveitarfélög eða nágrannalönd.

Virðingarfyllst,
Helga Friðriksdóttir
Íþróttaborgin
Menningar- og Íþróttasvið